



TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

6. tbl. júní 2013



Meðal efnis:

Starfsmatið SAMSTARF	4
Menntun innflytjenda	6
Athyglisverður dómur	10
Sveitarstjórnarvettvangur EFTA	11
Sumarlokun skrifstofu	13
Kynning á starfsmönnum	14

Stefna ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið 2013-2016



Frá fundi um upplýsingasamfélagið sem haldinn var í febrúar sl.

Samstarf ríkis og sveitarfélaga um framþróun upplýsingasamfélagsins hefur aukist undanfarin ár sem er mjög jákvætt. Til að unnt sé nota upplýsingatækni til að bæta opinbera þjónustu og hagræða í rekstri þurfa rafræn gögn að geta flætt óhindrað á milli stofnana ríkis og sveitarfélaga og það kallar á samstarf á milli stjórnsýslustiganna. Framþróun upplýsingasamfélagsins krefst fjárfestinga í upphafi sem skila munu hagræðingu til lengri tíma lítið. Það sparar opinbert fé að ríki og sveitarfélög hafi

samstarf um uppbyggingu á þessu sviði. Fulltrúar sveitarfélaga tóku þátt í mótun tillagna að nýrri stefnu ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið 2013-2016 sem stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti fyrir sitt leyti á fundi sínum 31. maí sl. Sveitarfélögin eiga einnig fulltrúa í verkefnisstjórn sem mun hafa umsjón með innleiðingu stefnunnar.

Í stefnumótuninni er gert ráð fyrir uppbyggingu á grunninnviðum sem nýtast

LÝÐRÆÐISMÁL

bæði ríkisstofnunum og sveitarfélögum. Það er einnig gert ráð fyrir rafrænum lýðræðisverkefnum á sveitarstjórnarstigi.

- Nánari upplýsingar um stefnumótunina.

Eitt þeirra verkefna sem gert er ráð fyrir í stefnumótuninni er að áfram verði gerðar

reglulegar úttektir á vefjum ríkisstofnana og sveitarfélaga. Undirbúningur að úttekt 2013 er nú hafinn og hefur innanríkisráðuneytið gert samning við fyrirtækið Sjá ehf. um að annast verkið. Úttektin mun fara fram í september. Teknir verða út vefir 70 sveitarfélaga en fjögur sveitarfélög eru ekki með vef.



KJARAMÁL

Starfsmatið SAMSTARF

Starfsmatsnefnd er samráðsvettvangur um rekstur starfsmatskerfisins SAMSTARFS, milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og 41 stéttarfélags sem samið hafa um röðun starfa samkvæmt starfsmati í kjarasamningum. Starfsmatsnefndin skipar sex manna framkvæmdanefnd, þrjá af hálfu sambandsins og þrjá af hálfu stéttarfélaga. Starfsmatsnefndin mótar hlutverk framkvæmdanefndar og hefur eftirlit með að því sé fylgt.

Hlutverk framkvæmdanefndar er að:

- móta stefnu SAMSTARFS til framtíðar
- gera starfsáætlun fyrir hvert samningstímabil
- gefa út ársskýrslu
- hafa eftirlit með að fyrirmælum og leiðbeiningum höfunda starfsmatskerfisins, verklagsreglum og matsferlum sé fylgt í hvívetna
- tryggja virka sí- og endurmenntun starfsmatsráðgjafa
- standa fyrir markvissri fræðslu á starfsmatinu til allra hagsmunaaðila, þ.e. starfsmanna, stjórnenda og embættismanna sveitarfélaga og fulltrúa stéttarfélaga, efla samstarf við aðra aðila sem vinna með starfsmat


- nefndin hlutast ekki til um mat á einstökum störfum en henni er ætlað að hafa yfirsýn yfir öll þau störf sem metin eru í starfsmati
- fylgjast með framboði menntunar fyrir starfsmenn sveitarfélaga
- vera í samstarfi við fræðsluaðila
- fulltrúar beggja aðila þurfa að ná sameiginlegri niðurstöðu um framkvæmd og forgangs röðun verkefna innan nefndarinnar með hagsmuni og markmið starfsmatsins að leiðarljósi.

Frá áramótum hafa verið haldnir sex fundir í framkvæmdanefnd Starfsmatsnefndar.



SAMBANDIÐ

Nefndir, stjórnir og ráð



Samband íslenskra sveitarfélaga skipar eða tilnefnir á ári hverju fjölda sveitarstjórnarmanna, starfsmanna sveitafélaga eða starfsmanna sambandsins í nefndir, stjórnir og ráð til skemmri eða lengri tíma.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir hjá sambandinu eru nú starfandi 165 nefndir, stjórnir og ráð sem sambandið hefur skipað eða tilnefnt fulltrúa í með samtals 257 fulltrúum.

Af þessum 257 fulltrúum eru konur 132 eða 51% og karlar 127 eða 49%. Til samanburðar má geta þess, að í apríl árið 2008 voru konur 40% af 220 fulltrúum alls eða 87 og karlar 60% eða 133. Og í nóvember 2011 var hlutfall kvenna í nefndum, stjórnnum og ráðum orðið 47,6% eða 110 og karlar voru 121 eða 52,4%.

Samantekt Hringþings og morgunverðarfunda um málefni innflytjenda

Á undanförunum 15 árum hefur nemendum með annað móðurmál en íslensku fjölgað jafnt og þétt í íslenskum skólum á öllum skólastigum. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að nemendur með annað móðurmál en íslensku sýna almennt slakari árangur í grunn- og framhaldsskólum en nemendur með íslensku að móðurmáli. Eins sækja hlutfallslega færri nemendur með annað móðurmál en íslensku um nám í framhaldsskólum og brottfall þeirra úr framhaldsskólum er hátt.

Af þeim sökum skipaði velferðarráðuneytið í mars 2012 vinnuhóp til undirbúnings Hringþings um menntamál innflytjenda í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og fullorðinsfræðslu. Að Hringþinginu og undirbúningi þess stóðu: Innflytjendaráð, velferðarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Fjölmenningssetur, Tungumálatorg, Háskóli Íslands, Þjónustumiðstöð Breiðholts og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þingið var haldið föstudaginn 14. september 2012 í Rúgbrauðsgerðinni í Reykjavík.

Tildrög þess að ákveðið var að halda málþing um málefni innflytjenda var vinna innflytjendaráðs við nýja framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda þar sem menntamál verða ein

af meginstöðunum. Mikilvægt var því að byggja þá framkvæmdaáætlun á traustum grunni og yfirlitsþing sem þetta var talið kjörið til að draga fram helstu þætti sem beina þarf sjónum að á komandi árum, bæði í tengslum við innleiðingu nýrra aðalnámskráa og þróun menntakerfisins almennt.

Á Hringþinginu var gefið yfirlit yfir stöðuna í menntamálum innflytjenda á mismunandi skólastigum og fjallað var um framhaldsfræðslu og kennaramenntun. Þingið var skipulagt með það fyrir augum að skapa samræðuvettvang fyrir þá aðila sem koma að menntamálum innflytjenda, bæði til að ræða og forgangsraða verkefnum, svo og til að kortleggja helstu áskoranir. Þingið fjallaði einnig um helstu hugtök sem notuð eru í orðræðu um innflytjendur og fjallaði á opinskáan hátt um aðkomu og túlkun innlendra fjölmiðla á málefnum þeirra, ásamt því að gefa sýnishorn af fyrirmyndarverkefnum (best practices) í námi og kennslu innflytjenda.

Í kjölfar Hringþingsins voru haldnir fjórir morgunverðarfundir um menntun innflytjenda byggðir á afrakstri þingsins og stóðu sömu aðilar að undirbúning þeirra og höfðu komið að undirbúningi Hringþingsins. Morgunverðarfundirnir fjölluðu allir um stöðu innflytjenda í skólakerfinu en mismunandi áherslur voru á hverjum fundi fyrir sig.

INNFLYTJENDAMÁL



Frá morgunverðarfundinum sem haldinn var 13. júní sl.

Yfirheiti morgunverðarfundanna voru:

- Öflug náms- og starfsfræðsla – brú milli grunn- og framhaldsskóla. Haldinn 5. apríl 2013.
- Virkt tvítyngi - íslenskukennsla fyrir nemendur með íslensku sem annað mál og móðurmálskennsla nemenda af erlendum uppruna. Haldinn 3. maí 2013.
- Góð menntun er gulls ígildi - innflytjendur með takmarkaða formlega menntun. Haldinn 31. maí 2013.

- Þjónusta sérfræðinga við nemendur með íslensku sem annað tungumál. Haldinn 13. júní 2013.

Mennta-og menningamálaráðuneytið mun gera samantekt sem afhent verður innflytjendaráði og/eða velferðarráðuneytinu. Niðurstöður munu væntanlega koma að góðum notum við undirbúning framkvæmdaáætlunar í málefnum innflytjenda sem nýr velferðarráðherra á skv. 7. gr. laga um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, að leggja fram á Alþingi til fjögurra ára.

STJÓRNSÝSLA

Samspil laga um almannatryggingar við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga

Á síðastliðnu vörþingi Alþingis var lagt fram frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning, 636. mál, en það varð ekki að lögum. Frumvarpið er að nýju til umfjöllunar á sumarþingi í nær óbreyttri mynd. Með frumvarpinu er m.a. lögð til sameining laga um almannatryggingar nr. 100/2007 og laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Jafnframt verði sá kafli sem fjallar um slysatryggingar færður í sérstök lög um slysatryggingar almannatrygginga. Með frumvarpinu er leitast við að styrkja stöðu aldraðra og þeirra sem búa við skerta starfsgetu, meðal annars með því að einfalda löggjöf um lífeyrisréttindi almannatrygginga og tengdar greiðslur eins og segir í inngangi greinargerðar með athugasemdum við frumvarpið.

Samband íslenskra sveitarfélaga skilaði umsögn um frumvarpið. Í umsögninni kemur fram að það sé álit sambandsins að með frumvarpinu komi fram margar góðar tillögur um breytingar á löggjöfinni sem miði að einföldun og auknum skýrleika. Hins vegar eru gerðar nokkrar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Meðal þeirra er athugasemd við það ákvæði frumvarpsins um að sett verði 50.000 kr. hámark á framfærsluuppbot á lífeyri, sbr. 4. mgr. 60. gr. Í skýringum með frumvarpsgreininni segir orðrétt: „Hafi

einstaklingur heildartekjur sem nema lægri fjárhæð en framfærsluviðmið laganna, þrátt fyrir að fá greidda hámarksfjárhæð samkvæmt þessu ákvæði, kemur til kasta grunnöryggisnets þjóðfélagsins, sem er félagsþjónusta sveitarfélaga.“ Sambandið gerir í umsögninni athugasemd við framangreint orðalag og bendir á með því sé mælt fyrir um auknar skyldur félagsþjónustu sveitarfélaga án samráðs við sveitarfélögin. Vísað er til þess að í skýringum með frumvarpinu komi ekki fram hve margir bótaþegar fái nú framfærsluuppbot umfram fyrirhugað hámark og því liggi ekki fyrir upplýsingar um fjárhagsleg áhrif þessarar breytingar.

Samráð er nauðsynlegt

Í umsögn sambandsins er gerð athugasemd við að ekki hafi verið haft samráð við sambandið við frumvarpsgerðina. Þá sé skylt samkvæmt sveitarstjórnarlögum að kostnaðarmeta lagafrumvarp ef fyrirjáanlegt er að það muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin. Framangreint ákvæði um hámark framfærsluuppbotar á lífeyri er skýrt dæmi um hve nauðsynlegt er að samráð sé haft milli ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum, og má þar einnig hafa í huga nýlegan dóm Hæstaréttar sem rakinn er í næstu opnu.

ALÞJÓÐAMÁL



European Twinning



Ýmsir möguleikar á vinabæjasamstarfi - á vefsíðum sambandsins og CEMR

Löng hefð er fyrir vinabæjasamstarfi íslenskra sveitarfélaga, fyrst og fremst við norræn sveitarfélög. Hið hefðbundna norræna vinabæjasamstarf hefur einkum verið á sviði menningar- og æskulýðsmála. Hin síðari ár hefur komið fram vaxandi áhugi á að nýta vinabæjasamstarf til að skiptast á þekkingu og reynslu á fleiri sviðum, svo sem á sviði rekstrar og stjórnunar. Einnig hefur komið fram aukinn áhugi á að nýta það til að efla atvinnulíf í sveitarfélögum og miðla þekkingu á sveitarstjórnarmálefnum til landa sem

er komin skemmra á veg í uppbyggingu sveitarstjórnarstigsins en hér á Íslandi.

Athygli sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna er vakin á ýmsum möguleikum varðandi vinabæjasamskipti á vefsíðum sambandsins annars vegar og Twinning vef CEMR hins vegar.

Upplýsingar um vinabæjasamstarf:

- á vef sambandsins
- á vef CEMR

DÓMSMÁL

Athyglisverður dómur

Hæstiréttur kvað upp dóm þann 13. júní síðastliðinn í máli þar sem reyndi á túlkun laga um almannatryggingar. Einkum var tekist á um áhrif ákvæða sem kváðu á um að skerða bæri greiðslur úr almannatryggingum í hlutfalli við búsetutíma. Upphaflega mun hafa verið mælt fyrir um að ríkisborgararéttur veitti fulla tryggingavernd en um langt árabil hefur gilt að greiðslur væru skertar samkvæmt þeirri reglu að líffeyrir greiðist í hlutfalli við lögheimilistíma, sé væntur lögheimilistími skemmri en 40 ár á aldursbilinu 16 til 67 ára.

Stefnandi málsins, íslenskur ríkisborgari, fluttist hingað til lands árið 1998, þá 38 ára að aldri, en greindist síðan eftir komuna með heilaæxli sem leiddi til varanlegrar örorku. Örorkulífeyrir viðkomandi, sem ákveðinn var árið 2007, var hins vegar skertur þar sem væntur lögheimilistími gæti mestur orðið 29 ár á tímabilinu fram til 67 ára aldurs viðkomandi (29/40 = 71,45%). Með málshöfðun sinni vildi stefnandi hnekkja þessari tæplega 30% skerðingu.

Hæstiréttur féllst ekki á kröfur stefnanda og dæmdi skerðinguna lögmæta. Var talið að skerðingin stríddi ekki gegn rétti manna skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar til aðstoðar

vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Var niðurstaða héraðsdóms um þetta efni staðfest.

Athyglisvert er að á báðum dómstigum var vísað til reglna um aðstoð sveitarfélaga við öryrkja. Í málinu vöktu Tryggingastofnun og íslenska ríkið sérstaka athygli á því að almannatryggingar og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð séu ekki eina úrræðið til framfærslu hér á landi heldur séu í lögum ákvæði um framfærsluskyldu sveitarfélaga sem eðlilegt sé að leita til. Bótáþegum séu greiddar þær bætur sem þeim beri lögum samkvæmt. Ef þær dugi ekki sannanlega til framfærslu, sé það hlutaðeigandi sveitarfélags að meta fjárför og veita frekari aðstoð sé þess talin þörf.

Niðurstaða málsins vekur umhugsun í ljósi þess að sveitarfélög hafa yfirleitt litið á fjárhagsaðstoð sína sem tímabundið neyðarúrræði m.a. til þess að brúa bilið þar til réttur til örorkulífeyris hefur verið staðfestur. Sú skerðingarregla sem nú hefur verið staðfest gerir hins vegar að verkum að í mörgum tilvikum verður til staðar varanleg þörf fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélags, jafnvel um áratuga skeið.

ALÞJÓÐAMÁL

Halldór Halldórsson kjörinn formaður sveitarstjórnarvettvangs EFTA

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA hélt sjöunda fund sinn í Bergen 21.-22. júní sl. Vettvangurinn tók til starfa árið 2010 til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í EES/EFTA ríkjunum gagnvart ESB. Í honum eiga sæti allt að sex kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Noregi og Íslandi. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutasamtök

sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands.

Á fundinum var Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, kjörinn forseti vettvangsins en helstu verkefni að þessu sinni voru reglur um ríkisaðstoð, Þróunarsjóður EFTA og stefna ESB í hafnarmálum en vettvangurinn samþykkti ályktanir um þessi þrjú mál.



SKÓLAMÁL

Áhugaverðar nýjungar í kynningu á verknámi á Austurlandi

Samband íslenskra sveitarfélaga vekur athygli á áhugaverðri nýng í kynningu á verknámi sem Verkmenntaskóli Austurlands og Vinnuskóli Fjarðabyggðar hleyptu af stokkunum í sumarbyrjun. Allir þeir sem luku 9. bekk grunnskóla í Fjarðabyggð í vor og skráðir eru í Vinnuskóla Fjarðabyggðar hófu



Frá Verkmenntaskóla Austurlands.

vinnuna í Verkmenntaskóla Austurlands. Þar störfuðu þeir í hópum í fjórum deildum skólans, málm-, tré-, hárl- og rafdeildum undir leiðsögn kennara. Á verkstæðunum gerðu þeir ýmsa hluti úr tré og málm sem þeir munu eiga til minninga.


Í tilkynningu frá Verkmenntaskóla Austurlands sagði að hugmyndin að þessu verkefni hafi fæðst í kynnisferð starfsfólks skólans til Svíþjóðar sl. vor. Verkefnið er stutt af fyrirtækjum í Fjarðabyggð en Verkmenntaskólinn skipuleggur verkefnið og heldur utan um það. Sveitarfélagið Fjarðabyggð greiðir nemendum Vinnuskólans laun og skipuleggur ferðir þess.

Reynslan af þessu framtaki er góð. Nemendurnir, sem voru 54 talsins, voru áhugasamir um verkefnið og tóku vel tilsögn. Kennarararnir voru ánægðir með hópinn og töldu að þar væri að finna marga handlagna einstaklinga.

„Það er von þeirra sem að þessu standa að þessi tilraun skili sér í meiri aðsókn í iðn- og tækninámi á komandi árum“ segir í tilkynningunni.

Sumarlokun skrifstofunnar

Skrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga verður lokuð frá og með mánudeginum 22. júlí til og með mánudeginum 5. ágúst vegna sumarleyfis starfsfólks. Við opnum aftur kl. 8:30 þriðjudaginn 6. ágúst.





Kynning á starfsmönnum sambandsins



Lúðvík E. Gústafsson

Lúðvík hóf störf á lögfræði- og velferðarsviði 15. janúar 2008.

Lúðvík starfar að samstarfsverkefni sambandsins og sveitarfélaga við hagsmunagæslu á sviði úrgangsmála og að tímabundnu samstarfsverkefni með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um sjálfbæra þróun. Hann framfylgir stefnu sambandsins í úrgangsmálum og veitir ráðgjöf og leiðbeiningar um söfnun, eyðingu og aðra meðhöndlun úrgangs.



Benedikt Þór Valsson

Benedikt hóf störf á kjarasviði 1. ágúst 2009.

Benedikt annast framkvæmd og úrvinnslu kjararannsókna. Veitir stjórnendum sveitarfélaga og launafulltrúum ráðgjöf og leiðbeiningar vegna launaútreikninga. Hefur umsjón með gerð og uppbyggingu reiknilíkana vegna kostnaðarmats kjarasamninga.



Tryggvi Þórhallsson

Tryggvi hóf störf á lögfræði- og velferðarsviði 1. ágúst 2009.

Tryggvi fylgist með lögfræðilegum þáttum í starfsemi og starfsumhverfi sveitarfélaganna. Hann vinnur að undirbúningi og gerð umsagna um lagafrumvörp, önnur þingmál og drög að reglugerðum. Einnig sinnir hann samskiptum við Alþingi og ráðuneyti og veitir lögfræðilega ráðgjöf og upplýsingagjöf til sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga.



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2013/14

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi sem heimildir er getið.*